



807. fundur

Árið 2024, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 11. desember, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Ásrún Helga Kristinsdóttir, Björn Sæbjörnsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Jónína Magnúsdóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. *Grunnsamningur Ferðamálastofu og Markaðs- og áfangastaðastofu 2025-2027.*
Drög að samningi við Ferðamálastofu lagður fram. Gert er ráð fyrir því að framlög til Markaðs- og áfangastaðastofu Reykjanes verði 29 mkr. árlega á samningstímanum. Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn.
2. *Tölvupóstur dags. 21.11.2024 frá Byggðastofnun vegna samnings um atvinnu- og byggðapróunarverkefna.*
Fjárlög 2025 voru samþykkt á Alþingi mánudaginn 18. nóvember s.l. Fjárlaganefnd hækkaði framlög tímabundið um 35 mkr. en landshlutasamtök sveitarfélaganna sendu inn sameiginlega umsögn um fjárlögin.

Framlög til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum verða kr. 25.403.694,- á árinu 2025 en það er kr. 821.249,- pr. 1000 íbúa og eru framlög til Suðurnesja eru lægst á landsvísu.

Stjórn S.S.S. óskar eftir því að skilgreiningar sem notaðar við úthlutun fjármuna verði endurskoðar við næstu úthlutun.

Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd S.S.S.

3. *Tölvupóstur dags. 20.11.2024 frá Innviðaráðuneytinu vegna samnings um Sóknaaráætlun Suðurnesja.*

Framlög til sóknaaráætlana voru samþykkt í fjárlögum 2025. Framlög til samninganna voru hækkuð tímabundið um 120 mkr. en landshlutasamtök sveitafélaga sendu inn sameiginlega umsögn. Heildarframlög IRN, MVF og URN verða því 865,7 mkr á árinu 2025 en framlög til S.S.S. verða 103.259.836,- Framlög til Suðurnesja eru langlægst á landsvísu. Stjórn S.S.S. óskar eftir því að skilgreiningar sem notaðar við úthlutun fjármuna verði endurskoðar við næstu úthlutun.

Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd S.S.S.
4. *Samstarfsamningur um rekstur Fab Lab Suðurnesja.*

Samstarfssamningur um rekstur Fab Lab Suðurnesja á milli Fjölbrotaskóla Suðurnesja, Reykjanesbæjar, Iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins, Mennta- og barnamálaráðuneytis og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum lagður fram. Framlög S.S.S. á árinu 2025 eru 4 mkr. en verkefnið er eitt af áhersluverkefnum Sóknaaráætlunar Suðurnesja. Samningurinn gildir út 2026.
5. *Tölvupóstur dags. 02.12.2024 frá Rauða Kross Íslands, beiðni um styrk.*

Umsókn um styrk frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna verkefnisins Frú Ragnheiður. Beiðnir um styrki þurfa að berast fyrir 1. september ár hvert svo hægt sé að koma þeim inn í fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna. Því miður er ekki hægt að verða við beiðninni að þessu sinni.
6. *Bréf dags. 21.10.2024 frá Bandalagi íslenskra listamanna, v. möguleikar á faglegri aðkomu BÍL við úthlutun styrkja úr uppbyggingarsjóðum á landsbyggðinni.*

Lagt fram.
7. *Samantekt á samstarfsverkefnum Reykjanes jarðvangs og GeoCamp Iceland.*

Stjórn S.S.S. þakkar góða samantekt og lýsir ánægju með metnaðarfullt verkefni. Verkefni sem þetta skiptir svæðið miklu máli og ýtir undir m.a. menntun í náttúruvísindum og sjálfsímynd svæðisins.
8. *Stöðuskýrsla Velferðarnets Suðurnesja.*

Stöðuskýrsla lögð fram. Stjórn S.S.S. þakkar fyrir skýrsluna og vel unnið verkefni. Samstarfsverkefni sem þetta bætir þjónustu við íbúa Suðurnesja og eykur samstarf á milli opinberra aðila.



9. *Starfsáætlun stjórnar.*
Fastir fundir stjórnar verða annan miðvikudag í mánuði. Vetrarfundur verður þann 28. mars 2025 og aðalfundur verður þann 4. október 2025.

10. *Önnur mál.*
Stjórn ræddi málefni Eignarhaldsfélags Suðurnesja.

Ásdís Júlíusdóttir skrifstofustjóri lét af störfum hjá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum í nóvember s.l. vegna aldurs. Stjórn S.S.S. þakkar henni fyrir vel unnin störf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:25.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Jónína Magnúsdóttir

Björn Sæbjörnsson

Ásrún H. Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir